

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laufásvegur 19 og 21-23 og Þingholtsstræti 34.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 23. apríl 2024, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 19 við Laufásveg og nr. 21-23 við Laufásveg og 34 við Þingholtsstræti. Í tillögunni sem lögð er til felst að heimilt verði að breyta notkun á húsnaðinu sem áður hýsti sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg 21-23 ásamt skrifstofum á baklóð Laufásvegar 19 í íbúðarhúsnaði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Húsnaðið verði eingöngu nýtt til þessarar nota og óheimilt að leigja það út á almennum markaði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.4 – Skólavörðustígur 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 30. maí 2024, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.4 vegna lóðarinnar nr. 9 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst breyting á mörkum deiliskipulags í samræmi við hnitsett lóðarmörk þar sem skipulagsmörk liggja meðfram lóð Skólavörðustígs 9 við Vegamótastíg. Gerður er nýr byggingarreitur á lóð fyrir lága nýbyggingu sem ætluð er fyrir veitingastarfsemi í flokki II og að aðkomuleiðir lóðarinnar verði við báða enda hegningarhússins ásamt því að aðgengi verður þvert í gegnum húsið fyrir miðju. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar og byggingarmagn eykst. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturhöfn (Örfirisey) – Fiskislóð 35 og 37.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 6. júní 2024, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðanna nr. 35 og 37 við Fiskislóð. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli, hækkun á hámarkshæð og að notkun lóða verði skilgreind sem atvinnustarfsemi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Esjumelar – Koparsléttu 4-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 20. júní 2024, breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 4-8 við Koparsléttu. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til norðvesturs í átt að Koparsléttu, næst innkeyrslu á lóðina. Stækkunin er tilkomin vegna dreifistöðvar Veitna sem nauðsynlegt er að reisa á svæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 16. ágúst 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2024